



KNATTSPYRNUSAMBAND ÍSLANDS

Aðildarfélög KSÍ
Formenn/framkvæmdastjórar

Reykjavík, 16. desember 2008.

Breytingar á reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga, reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál og á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Stjórn KSÍ samþykkti á fundi sínum þann 4. desember 2008 breytingar á reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga, reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál og á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Breyting á reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga.

Gerð er breyting á grein 15.7. í reglugerðinni en hún fjallar um félagaskipti. Við greinina bætist skástríkaður hluti:

15.7. Ef félag, sem leikmaður gengur úr, vill ekki staðfesta félagaskipti hans, þrátt fyrir að hann hafi fullnægt öllum skuldbindingum sínum gagnvart félaginu, er framkvæmdastjóra KSÍ heimilt að gefa út keppnisleyfi fyrir leikmanninn að undangengnum árangurslausum sáttatilaunum milli félaganna. ***Í slíkum málum við lok félagaskiptatímabils er framkvæmdastjóra KSÍ heimilt að gefa út keppnisleyfi tveimur virkum dögum eftir að skrifleg beiðni berst en hún skal hafa borist fyrir lok félagaskiptatímabilsins.*** Í því tilfalli að um ósamningsbundinn leikmann er að ræða getur félag leikmanns aðeins gert kröfu um skil á félags og æfingagjöldum, og aðeins ef það hefur verið innheimt af öðrum í sama flokki. Samninga- og félagaskiptanefnd er heimilt að beita félagið viðurlögum ef það neitar að staðfesta félagaskipti leikmanns án nokkurra gilda ástæðna.

Með breytingunni er framkvæmdastjóra gefið aukið svigrúm til að leita sátta á milli félaga um félagaskipti þegar félagaskiptatímabilinu (15. maí eða 31. júlí) er að ljúka, deilur rísa um félagaskiptin og leikmaður hefur fullnægt öllum skuldbindingum sínum gangvart fyrra félagi. Ef beiðni um íhlotun framkvæmdastjóra um félagaskiptin berst KSÍ skriflega eigi síðar en fyrir miðnætti síðasta dag félagaskiptatímabils getur framkvæmdastjóri gefið út keppnisleyfið allt að tveimur virkum dögum frá lokum félagaskiptatímabilsins. Félagaskiptabeiðnin sjálf skal í öllum tilfellum berast eigi síðar en fyrir miðnætti lokadags félagaskiptatímabils jafnvel þó að á hana vanti staðfestingu þess félags sem leikmaðurinn hyggst yfirgefa.

Breytingin tekur gildi nú þegar.

Breyting á reglugerð um aga- og úrskurðarmál.

Gerð er breyting á grein 6 í reglugerðinni þannig að við bætist ný grein 6.2. og færast aðrir töluliðir greinarinnar til í samræmi auk þess sem gerð er breyting á grein 6.3. (sem áður var grein 6.2.) Breytingarnar eru skástrikaðar og það sem út fellur er yfirstrikað:

6.2. Leikmaður, þjálfari eða forráðamaður liðs sem fær brottvísun hefur heimild til að gera skriflega athugasemd við brottvísunina til aga – og úrskurðarnefndar innan sólarhrings frá því að leik lýkur.

6.3. Það er grundvallarregla að myndbandsupptökur skulu ekki notaðar við ákvörðun viðurlaga vegna agabrota. Ef það er hins vegar mat nefndarinnar að fyrirbyggjandi gögn séu ófullnægjandi ***eða misvísandi*** sem grundvöllur er nefndinni heimilt ~~sem síðasta úrreði~~ að styðjast við myndbandsupptökur. ~~Í slíkum tilfellum skal einungis heimilt að nota upptökur frá viðurkenndum sjónvarpsstöðvum.~~

Með breytingunni er leikmanni, þjálfara og forráðamanni liðs gert kleift að gera athugasemd við brottvísun telji hann að hún sé ekki réttmæt. Berist KSÍ slík athugasemd skal viðkomandi fá afrit að atvikaskýrslu dómara afhenta og hefur þá möguleika á að koma frekari athugasemdum á framfæri innan þeirra tímamarka sem starfsmaður aga- og úrskurðarnefndar setur honum.

Athugasemd þessi kemur ekki í veg fyrir að sá sem í hlut á fái sjálfkrafa eins leiks bann en getur haft áhrif á úrskurð aga- og úrskurðarnefndar varðandi þyngingu refsingar.

Breytingin tekur gildi nú þegar.

Breytingar á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Gerð er breyting á grein 38 er fjallar um mótmæli, kærur og fleira. Við bætist ný grein 38.4. og færast aðrir töluliðir greinarinnar í samræmi:

38.4. Í innanhúsmótum (Futsal) og úrslitakeppnum yngri flokka þar sem leikið er með hraðkeppnisformi, daglega eða yfir nokkra daga, skulu mótmæli vegna ólöglega skipaðs liðs lögð fram skriflega hjá umsjónaraðila móts (mótsstjóra/fulltrúa KSÍ á staðnum) innan tveggja klukkustunda frá því að leik lýkur. Nýti félag ekki rétt sinn til mótmæla innan tveggja klukkustunda hefur það fyrirgert rétti sínum til þess að kæra leikinn á grundvelli ólöglega skipaðs liðs. Framkvæmdastjóri KSÍ skal hafa vald til þess að úrskurða í slíkum tilfellum og telji hann að lið hafi augljóslega verið ólöglega skipað skal hann úrskurða leikinn tapaðan liðinu sem í hlut á með markatölunni 0-3 nema tap hafi verið stærra, þá skal sú markatala ráða. Úrskurði framkvæmdastjóra má kæra til aga – og úrskurðarnefndar KSÍ, en slík kæra kemur ekki í veg fyrir að viðkomandi keppni haldi áfram.

Með breytingunni er skapaður farvegur fyrir lið til þess að koma í veg fyrir að endurtaka þurfi leiki í móti með hraðkeppnisformi með því að mótmæla augljóslega ólöglega skipuðu liði mótherja.

Þessi mótmæli þarf að bera upp skriflega hjá umsjónaraðila mótsins eða koma þeim til mótsstjóra KSÍ innan tveggja klukkustunda frá því að leik lýkur.

Breytingin tekur gildi nú þegar.

Gerð er breyting á grein 40.1. um ólöglega skipað lið. Breytingar eru skástrikaðar og það sem út fellur yfirstrikað:

40.1.Lið, sem mætir ólöglega skipað til leiks og félag sem notar leikmann, ~~þjálfara, eða forystumann~~ í leikbanni, telst hafa tapað leiknum með markatölunni 0-3 nema tap hafi verið stærra, þá skal sú markatala ráða. **Félag sem notar þjálfara eða forystumann sem er í leikbanni skal sæta sektum og viðkomandi frekara leikbanni í samræmi við ákvörðun aga- og úrskurðarnefndar.** Lið, sem mætir ólöglega skipað til leiks, skal sæta sekt að upphæð allt að kr. 30.000. Félag, sem notar leikmann, þjálfara eða forystumann í leikbanni, skal sæta sektum aðupphæð allt að kr. 200.000 sé brotið framið í meistaraflokk. Sé brotið framið í öðrum flokkum skal sektin vera allt að kr. 30.000.

Breytingin hefur það í för með sé að nú getur lið ekki lengur tapað leik fyrir það að nota þjálfara eða forystumann sem er í leikbanni. Félag getur sætt sektum allt að kr. 200.000 sé þjálfari eða forystumaður sem er í leikbanni notaður í leik auk þess sem viðkomandi sætir áframhaldandi leikbanni.

Breytingin tekur gildi nú þegar.

Gerð er breyting á grein 40.2. um ólöglega skipað lið. Breytingarnar eru skástrikaðar og það sem út fellur yfirstrikað:

~~40.2. Leikmaður, sem hefur vísitandi sagt rangt til um aldur sinn til að leika með öðrum aldursflokkum en honum ber, skal sæta leikbanni til loka keppnistímabilsins.~~
40.2. Leikmaður sem leikur með yngri aldursflokkum en honum ber skal úrskurðaður í leikbann í a.m.k. einn mánuð eða a.m.k. í 6 leiki.

Með breytingunni er skýrt kveðið á um að það er ávallt refsivert fyrir leikmann að leika með yngri aldursflokkum en honum ber. Leikmanni sem tekur út refsingu sem miðast við fjölda leikja í þeim aldursflokkum sem hann tilheyrir er jafnframt óheimilt að leika með eldri aldursflokkum ef hann hefur rétt á því á meðan refsingin stendur. Það sama á við þegar um tímabundna refsingu er að ræða.

Breytingin tekur gildi nú þegar.

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.

Bestu kveðjur



Þórir Hákonarson
framkvæmdastjóri KSÍ